

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík
B/t Þóroddur Fr. Þóroddsson

Þorlákshöfn, 13 maí, 2013

Varðar: Stækkun á starfsleyfi Náttúru fiskiræktar ehf., kt. 421111-1380, að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn í 1.200 tonn árlega.

Náttúra fiskirækt ehf., kt. 421111-1380, hefur 200 tonna rekstrarleyfi fyrir strandeldi á bleikju í fiskeldisstöð sinni að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn. Framleiðslugeta stöðvarinnar er töluvert meiri en núverandi starfsleyfi rúmar, og gera áætlanir félagsins ráð fyrir stækkun á starfsleyfi úr 200 tonnum í 1.200 tonn. Hér með er óskað eftir mati Skipulagsstofnunar matsskyldi framkvæmdarinnar, sbr. 13. tl. a í 2 viðauka við lög nr. 106 frá 2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í dag er eldisrými stöðvarinnar u.þ.b. 6.500 m³, en uppunaleg hönnun frá 1986 miðar að því að endanlegt eldisrými verði um 12.000 m³. Reist verða þrjú eldisker í samræmi við staðfest aðalskipulag sem eru hvert um 1.500 m³. Reiknað er með að umrædd eldisker verði hringlaga, um 22 metrar í þvermál og ríflega fjögurra metra há og í samræmi við önnur mannvirki á lóðinni. Meðfylgjandi er grunnmynd frá Verkís sem sýnir afstöðu framkvæmda á lóð félagsins að Laxabraut 5.

Við eldið er nýtt ferskvatn og jarðsjór úr borholum sem þegar eru til staðar að Laxabraut 5, en þar eru 3 borholur með fersku vatni og 9 borholur með jarðsjó. Nútímatækni er beitt í hvívetna til að tryggja sem besta nýtingu vatns. Þannig er vatn úr kerjunum endurnýtt með svonefndum lofturum, og það súrefnisbætt og tekið úr því CO₂ í hvert sinn. Við eldið er notuð saltvatnsblanda, sem fengin er með blöndun á jarðsjó og ferskvatni. Að auki er dælt súrefni í kerin til að minnka vatnsnotkun. Allt miðar þetta að því að frárænni frá stöðinni er ekki nema u.þ.b. 20% að því er það ella hefði verið, eða eins og segir í meðfylgjandi niðurstöðum eftirlits Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 25.mars 2013;

„Með þessu næst mun betri og hagvæmari nýting á eldisvökva þannig að rennsli þurfi einungis að vera að jafnaði 0,1 – 0,15 lítrar/mínútu fyrir hvert kg eldisfisks í stað 0,7 lítra/mínútu án slíks búnaðar. Sjá einnig skýrsluágríp Matis ohf, ISSN 1670-7192, „Betri nýting vatns í bleikjueldi“.“

Gerðar hafa verið breytingar á eldiskerjum þannig að kerin eru nánast sjálfhreinsandi. Frárænni frá botni hvers kers fer um svokallaðan „færeying“ eða „lift-up“ kerfi fyrir utan kerin. Frárænnið fer í sérstakan safnkassa þar sem allur úrgangur og dauðum fiskum er hleypt upp. Járngrindur eru bæði við úrrænni úr eldiskeri og í safnkassa sem hindrar að fiskur berist í affall frá stöðinni. Hreinsað er jafn óðum úr safnkassanum.

Við fóðrun í stöðinni er notað fullkomið sjálfvirkt fóðrunarkerfi frá Vaka. Vegna „lift up“ kerfis sést vel hvort fóður berst frá eldiskerjum og með því komið í veg fyrir yfirfóðrun. Þannig næst hagkvæmari fóðrun og hindrað er að umframfóður berist til sjávar. Í meðfylgjandi niðurstöðum eftirlits Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 25. mars 2013 segir varðandi varnir á að fiskur berist til sjávar; „tvöfaldar varnir eru á stokkum til útrænnis, þ.e. þéttriðin stálnet.“

Þrátt fyrir að bætt hönnun hindri að fiskur komist til sjávar frá stöðinni og hindri að umframfóður fari þá leið mun magn saurs frá eldisfiski aukast í hlutfalli við aukið eldismagn. Fráveita stöðvarinnar fer um steyptan stökk sem liggur til sjávar. Staðsetning eldisstöðvarinnar er mjög heppileg þar sem úrgangur dreifist hratt eftir að það berst til sjávar. Laxabraut 5 er vestan við byggðina í Þorlákshöfn. Úthafsaldan á óhindraðan aðgang að klettum þar sem affall stöðvarinnar er leitt til sjávar. Að auki eru sterkir straumar til vesturs með ströndinni. Þetta veldur hraðri dreifingu á affalli frá stöðinni og þynningu á úrgangsefnum.


Í meðfylgjandi töflu kemur fram núverandi og áætluð losun mengunarefna til sjávar í samræmi við reglugerðir 401/2012 um fiskeldi og 798/1999 um fráveitur og skólp (ekki eru til sérstök viðmiðunarmörk fyrir losun til sjávar frá fiskeldi, en losunarmörk miðast hér við skólp frá skólphreinsistöðvum fyrir þéttbýli).

	Viðmiðunarmörk	Núverandi	Áætlað
Súrefnismettun %		80	70 -85
Súrefnismettun mg/l		8	7 - 10
COD mg/l	< 125*	85	80 - 100
Heildarfosfór (P) mg/l	< 2*	0,2	0,15 - 0,4
Fosfór (P) kg/framl. tonn	<20	6 - 7	6 - 9
Heildar köfnunarefni (N) mg/l	< 15*	1,6	1,5 - 3
Set eða útfellingar	Má ekki vera	Sést ekki	Sjáist ekki
Þekjur af rotverum	Má ekki vera	Sést ekki	Sjáist ekki
Sorp eða aðskotahlutir	Má ekki vera	Sést ekki	Sjáist ekki
Efnli sem valda óþægilegri lykt, lit eða gruggi	Má ekki vera	Sést ekki	Sjáist ekki
Olíur, fitubrák	Má ekki vera	Sést ekki	Sjáist ekki
Svifagnir (TSS) mg/ml	Max 35*	7	6 - 9

* Viðmiðunarmörk skv. 1. viðauka reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp.

Eldið er umhverfisvænt og er unnið eftir ströngustu kröfum þar um. Einungis er gefið vottað fóður frá íslenskum framleiðendum sem skilja ekki eftir sig fótspor í náttúrunni. Fóður til stöðvarinnar kemur frá Fóðurblöndunni hf. og Fóðurvedskmiðjunni Laxá hf. Ekki eru notuð lyf eða önnur mengandi efni við eldið og einungis er ræktuð bleikja af íslenskum stofnum frá Háskólanum að Hólum og frá Stofnfiski. Stöðin stendur úr almannleið, fjarri byggð og veldur ekki ónæði.

Ekki er sérstök slyshætta vegna fyrirhugaðra framkvæmda umfram það sem almennt gerist við framkvæmdir og í strandeldisstöðvum. Félagið hefur gert áhættumat og gripið til viðeignadi öryggisráðstafana varðandi rekstur eldisstöðvarinnar í samræmi við kröfur Vinnueftirlits ríkisins.



Varðandi reit I3 kemur fram í greinargerð með aðalskipulaginu:

		Stærð og nýtingu á svæðinu		
I-3	Laxabraut	Feyging og fiskeldi. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar á svæðinu sem falla að nýtingu svæðisins.	5,7	0,2-0,5
I-4				

Framkvæmdin fellur að gildandi skipulagi Sveitafélagsins Ölfus. Meðfylgjandi mynd er tekin af heimasiðu sveitafélagsins (http://www.olfus.is/media/adalskipulag-olfuss-2010-2022/SA08F_thofn.pdf).

Ennfremur í fundargerð Bæjarstjórnar frá 4. október 2012 er eftirfarandi bókun:

1208041 - Staðfesting á skipulagi við Laxabraut 5 frá 1986.

Eftirfarandi bókun lögð fram varðandi skipulag við Laxabraut 5 Þorlákshöfn:

"Bæjarstjórn Ölfuss samþykkir erindi frá Náttúra fiskirækt ehf. um að byggja upp fiskeldisstöðina að Laxabraut 5 enda liggur fyrir samþykkt um uppbyggingu strandeldisstöðvar á þessari lóð frá 1986. Búið var að byggja upp stöðina samkvæmt skipulagi frá 1986 hvað hús mannvirki og minni kerin varðar. Stóru kerin voru ekki komin niður en búið að gera undirstöður fyrir þau. Með erindinu er verið að óska eftir að setja niður stóru kerin sem þá eykur eldiskerjamagn um 9400 m³ í samræmi við samþykkt gögn frá 1986.

Erindið er samþykkt á grunni áður samþykktra gagna. Umsögn Umhverfisstofnunar um aukið fráveituvatn frá eldisstöðinni skal liggja fyrir og framkvæmdir við fráveitu vera í samræmi við þær leiðbeiningar. Um stækkun stöðvarinnar og frekari framkvæmdir skal farið yfir skilyrðum núgildandi laga og reglna þ.m.t. gildandi lögum og reglum um matsskyldu. Sveitarfélagið leggur ekki kalt vatn að stöðinni.

Uppbygging stöðvarinnar er því samþykkt í samræmi við samþykktar teikningar frá 1986 og uppfærðar teikningar frá Verkis dagsettar 23. febrúar 2012 þar sem búið er að bæta inn reit fyrir súrefnistank og reit fyrir fódursiló".

Vísað er enn fremur til erindis Sigurðar Ó. Jónssonar skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitafélagsins Ölfus til Skipulagsstofnunar dags. 27. febrúar 2013.

Laxabraut 5 er, eins og áður sagði, staðsett suðvestan við byggðina í Þorlákshöfn. Lóðin liggur meðfram suðurströndinni og er hún flatlend og er yfirborð hennar sandur og hraun. Lítilsháttar gróður er á lóðinni sem er dæmigerður fyrir þetta svæði. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er ekki í námunda við né ógnar verndarsvæðum, sbr. 2. tl. 3. viðauka við reglugerð 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Félagið hyggst reisa þrjú ný eldisker í samræmi við staðfest aðalskipulag og afla vatns til þeirra úr borholum sem þegar eru á lóð félagsins og er að fullu endurnýjanlegt. Frárennsli frá stöðinni liggur um stökk til sjávar og dreifist um leið og þangað kemur eins og áður var nefnt. Í meðfylgjandi niðurstöðum eftirlits Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 3. september 2012 vegna starfsleyfis stöðvarinnar segir;

„Fráveita er til sjávar um steiptan stökk og fellur þar fram í bergið án sjáanlegra mengunaráhrifa. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir í eftirliti.“

Meðfylgjandi myndir sýna betur afstöðu fráveitunnar og má sjá hvernig hún nær út fyrir brimvarnargarð og er með steinsteypa vörn fyrir brimi og grjótburði sem því getur fylgt. Frárennslið rennur út á klöppina og steypist til sjávar.



Eldið er umhverfisvænt og er unnið að því að fá vottun þar að lútandi. Einungis er gefið vottað fóður frá íslenskum framleiðendum. Litarefni í föðri er unnið úr lífrænum efnum sem skilja ekki eftir sig fótspor í náttúrunni. Jafnframt eru engin lyf notuð við eldið. Grindur koma í veg fyrir að fiskur geti sloppið.

Þeir þættir sem helst geta valdið áhrifum á umhverfið eru annars vegar uppsetning fyrrnefndra eldiskerja, og hins vegar aukið frárennsli úrgangsefna frá stöðinni í samræmi við aukið eldismagn. Eldiskerinn er unnt að fjarlægja á sama hátt og önnur sambærileg ker. Frárennsli frá eldisstöðinni verður stöðugt meðan eldið er starfrækt, en þó mismikið eftir því hve mikill fiskur er í stöðinni. Frárennsli frá stöðinni liggur um stökk til sjávar og dreifist hratt eins og áður er getið. Við stöðvun á rekstri stöðvarinnar mun frárennsli hætta. Ekki er því um óendurkræf áhrif á umhverfi að ræða.

Vísað er til úttektar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, frá 3. september 2012 og 25. mars 2013 á starfsaðstöðu félagsins. Þar kemur meðal annars fram að um er að ræða algerlega endurnýjaða fiskeldisstöð, en byggt er á hönnun frá 1986. Í stöðinni var rekstur og eldi til fjölda ára. Núverandi starfsemi hefur verið starfrækt frá vormánuðum 2012. Ennfremur er vísað til meðfylgjandi bókunar Bæjarstjórnar Ölfus varðandi staðfestingu á skipulagi við Laxabraut 5.

Með hliðsjón af ofangreindu og l.mgr. 11.gr laga nr. 106 frá 2000 um mat á umhverfisáhrifum er það mat Náttúru fiskiræktar ehf. að stækkun rekstrarleyfis eldisstöðvarinnar að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllt,

F.h. Náttúru fiskiræktar ehf.
Sturla Geirsson, framkvæmdastjóri